



*cutting through complexity™*

# Skattalagabreytingar á árinu 2011

Fróðleikur á fimmtudögum

26. janúar 2012

Alexander G. Eðvardsson



- **Lög nr. 73/2011 um ráðstafanir í ríkisfjármálum frá júní 2011**
- **Lög nr. 87/2011 um gistináttaskatt**
- **Lög nr. 164/2011 um ráðstafanir í ríkisfjármálum**
- **Lög nr. 165/2011 um fjársýsluskatt**
- **Lög nr. 183/2011 um breytingar á lögum um virðisaukaskatt**
- **Lög nr. 156/2011 breyting á lögum um lífeyrissjóði**

## Breyting á reglum um reiknað endurgjald (50/20 reglan)

- **Hjá þeim skattaðilum sem er skylt að reikna sér endurgjald skal telja til tekna 50% af heimilum úthlutuðum arði skv. lögum um hlutafélög og einkahlutafélög, að því marki sem heimil arðsúthlutun félagsins er samtals umfram 20% af skattalegu bókfærðu eigin fé þess í árslok viðmiðunarárs, og skattleggja í miðprepi tekjuskatts (25,8%) að viðbættu útsvari**
- **Þannig ákvarðaðar tekjur mynda hvorki stofn til tryggingagjalds né lífeyrisiðgjalds né teljast til frádráttarbærs rekstrarkostnaðar hjá greiðanda**
- **Framangreindar tekjur skulu ekki meðtaldar þegar þegar reiknuð er millifærsla milli skattþrepa hjá skattaðilum**

## Breyting á reglum um reiknað endurgjald (50/20 reglan)

- **4. mgr. 58. gr. um ákvörðun launa við eigin atvinnurekstur breyttist:**
- **Ákvæði um reiknað endurgjald skulu gilda um starf á vegum lögaðila eftir því sem við getur átt, enda vinni maður við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann, maki hans, barn eða nákomnir ættingjar hafa ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar, þó ekki ef um er að ræða starf á vegum lögaðila sem skráður er á opinberum verðbréfamarkaði**
- **Maður telst hafa ráðandi stöðu í þessu sambandi ef hann einn eða ásamt maka, börnum, foreldrum, systkinum eða öðrum nákomnum ættingjum á samtals 50% hlut eða meira í lögaðila enda eigi hver um sig a.m.k. 20% hlut í þeim lögaðila**
- **Ákvæðið gildir einnig um starfandi hluthafa sem ekki eru tengdir fjölskylduböndum**

# Lög 73/2011 um ráðstafanir í ríkisfjármálum– frh

- Framangreindar breytingar á reglum um reiknað endurgjald öðluðust þegar gildi og komu til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2011 og á staðgreiðsluárinu 2010 eftir því sem við á
- Löggin voru birt í Stjórnartíðindum sem komu út 27. júní 2011
- Breytingar þessar taka til tekjuársins 2010 og eru því afturvirkar sem gengur gegn ákvæði 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar að því leyti sem þær eru íþyngjandi fyrir skattaðila

Eftirfarandi ákvæði um frádráttarbærni móttækis arðs hjá félögum í 9. tölul. 31. gr. féllu niður:

- *Skilyrði frádráttar samkvæmt þessum tölulið eru þau að móttakandi arðs eigi í lok þess árs sem arður er greiddur vegna a.m.k. 10% í þeim lögaðila sem greiðir arðinn*
- *Frádráttur samkvæmt þessum tölulið er því aðeins heimill að yfirfæranlegt rekstrartap hafi verið jafnað þ.m.t. tap sem myndast hefur á tekjuárinu*
- **Gildistaka framangreindrar breytingar var 1. janúar 2012**

## Eftirfarandi ákvæði um hagnað af sölu hlutafjár hjá félögum í 9. tölul. 31. gr. féllu niður:

- *Frádráttur samkvæmt þessum tölulið er því aðeins heimill að yfirfæranlegt rekstrartap hafi verið jafnað, þar með talið tap sem myndast hefur á tekjuárinu. Jafnframt er það skilyrði fyrir frádrætti samkvæmt þessum tölulið að seljandi hlutabréfanna hafi átt a.m.k. 10% hlut í viðkomandi lögaðila á söludegi*
- **Gildistaka framangreindrar breytingar var 1. janúar 2012**

- Lög nr. 73/2011 um ráðstafanir í ríkisfjármálum frá júní 2011
- **Lög nr. 87/2011 um gistináttaskatt**
- **Lög nr. 164/2011 um ráðstafanir í ríkisfjármálum**
- **Lög nr. 165/2011 um fjársýsluskatt**
- **Lög nr. 183/2011 um breytingar á lögum um virðisaukaskatt**
- **Lög nr. 156/2011 breyting á lögum um lífeyrissjóði**

# Lög 87/2011 um gistináttaskatt

- **Markmið laganna er að afla tekna til að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun fjölsótttra ferðamannastaða, friðlýstra svæða og þjóðgarða. Jafnframt að afla tekna til að tryggja öryggi ferðamanna og vernda náttúru landsins**
- **Gistináttaskattur er 100 kr. af seldri gistináttaeiningu**
- **Tilgreina skal gistináttaskatt á sölureikningi eða greiðslukvittun og myndar hann stofn til virðisaukaskatts**
- **Gistináttaskattur er ekki lagður á sölu gistingar sem ekki ber virðisaukaskatt**
- **Þeir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en 1 m.kr. á ári eru undanþegnir skattskyldu**

# Lög 87/2011 um gistináttaskatt – frh.

- **Gistináttaeining er leiga á gistiaðstöðu í allt að einn sólarhring, þ.m.t. yfir nótt.**
- **Með gistiaðstöðu er átt við húsnæði eða svæði sem leigt er út í þeim tilgangi að þar sé dvalið yfir nótt, svefnaðstaða sé fyrir hendi eða hægt að koma henni fyrir og leigan sé almennt til skemmri tíma en eins mánaðar, svo sem hús, íbúðir og herbergi, þ.m.t. herbergi á hótelum og gistiheimilum, sem og tjaldstæði og stæði fyrir húsbíla, tjaldvagna, fellihýsi og hjólhýsi**

# Lög 87/2011 um gistináttaskatt – frh.

- **Uppgjörstímabil gistináttaskatts er tveir mánuðir (sama og í vsk.)**
- **Ef skatti er ekki skilað á réttum tíma skal beitt álagi sem er 1% af þeirri fjárhæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó verður það ekki hærra en 10% + dráttarvextir**
- **Heimilt er innheimtumanni ríkissjóðs að láta lögreglu stöðva atvinnurekstur þess er eigi gerir skil á réttum gjalddaga þar til skil eru gerð**
- **Lögin öðluðust gildi 1. janúar 2012 og gilda um gistináttaeiningar sem seldar eru frá og með þeim degi**

## Nánari skilgreining á gistináttaeiningu í leiðbeiningum RSK:

- **Hótel.** Herbergi á hótelum teljast til gistirýma. Fjöldi herbergja í hóteli eru því fjöldi gistirýma þó svo að hótelið sé leigt út í heilu lagi. Ef hótel leigja út íbúðir teljast þær hver og ein gistirýmið
- **Gistiheimili.** Herbergi sem leigð eru sérstaklega út teljast gistirými. Ef hvert rúm/svefnpokapláss er leigt út sérstaklega telst það til gistirýmis. Ef gistiheimili er leigt út í heilu lagi er hvert herbergi gistirými
- **Íbúðir og orlofshús.** Hver íbúð telst gistirými ef hún er leigð út í einu lagi. Ef fleiri en ein íbúð er í húsnæði telst hver íbúð fyrir sig sem gistirými. Ef herbergi í íbúð er leigt sérstaklega telst hvert herbergi gistináttaeining
- **Tjaldsvæði.** Á tjaldsvæðum er stæðið undir hvert tjald gistirýmið. Svæði fyrir húsbíla, tjaldvagna, fellihýsi og hjólhýsi eru með sama hætti það gistirými sem miða ber innheimtu gistináttaskatts við

- Lög nr. 73/2011 um ráðstafanir í ríkisfjármálum frá júní 2011
- Lög nr. 87/2011 um gistináttaskatt
- **Lög nr. 164/2011 um ráðstafanir í ríkisfjármálum**
- **Lög nr. 165/2011 um fjársýsluskatt**
- **Lög nr. 183/2011 um breytingar á lögum um virðisaukaskatt**
- **Lög nr. 156/2011 breyting á lögum um lífeyrissjóði**

# Lög 164/2011 um ráðstafanir í ríkisfjármálum

- **Árviss bandormur var samþykktur á Alþingi 17. desember og innifelur hann breytingar á fjölda laga**
- **Í flestum tilvikum hækka skattar og gjöld**
- **Helsta undantekningin er lækkun tryggingagjalds**
- **Tryggingagjald að viðbættu gjaldi í ábyrgðarsjóð launa og markaðsgjaldi lækkar úr 8,65% í 7,79%. Mestu munar um verulega lækkun á atvinnutryggingagjaldi. Aðrir liðir tryggingagjalds hækka**

# Lög 164/2011 um ráðstafanir í ríkisfjármálum – frh.

- **Viðmiðunarfjárhæðir í skattstiga manna hækka þannig frá fyrra ári:**
  - Í stað 2.512.800 kr. koma 2.760.000 kr. í 22,9% skatthlutfalli (9,84%)
  - Í stað 5.653.800 kr. koma 5.692.400 kr. í 25,8% skatthlutfalli (0,69%)
  - Í stað 8.166.600 kr. koma 8.452.400 kr. í 31,8% skatthlutfalli (3,50%)
- **Sé tekjuskattsstofn annars samskattaðs aðila hærri en 8.452.400 kr. skal það sem umfram er skattlagt með 25,8% skatthlutfalli allt að helmingi þeirrar fjárhæðar sem tekjuskattsstofn þess tekjulægri er undir 8.452.400 kr., þó reiknast 25,8% skatthlutfall aldrei af hærri fjárhæð en 2.846.200 kr.**
- **Í 66. gr. er ákvæði um að fjárhæðamörk skuli taka breytingum í upphafi hvers árs í réttu hlutfalli við hækkun á launavísitölu síðasta árs. Í bráðabirgðaákvæði er þessi grein tekin úr sambandi vegna ársins 2012**

# Lög 164/2011 um ráðstafanir í ríkisfjármálum – frh.

- **Fjármagnstekjuskattur þeirra sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi af vaxtatekjum er lækkaður í 10% fyrir bæði einstaklinga og lögaðila (8. tölul. 70. gr.)**
- **Fyrir breytinguna var skattlagning á einstaklinga 20% og 18% á lögaðila**
- **Breytingin tók gildi 1. janúar 2012 og kemur til framkvæmda við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 2012**

# Lög 164/2011 um ráðstafanir í ríkisfjármálum – frh.

- **Bráðabirgðaákvæði XXXVIII um að ekki sé heimilt að skuldajafna greiðslu barnabóta á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs, sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga á árinu 2011 er framlengt og nær einnig til ársins 2012**
- **Barnabætur lægri en 2.000 kr. á hvern framfæranda á grundvelli skattframtals falla niður**

## Breytingar á auðlegðarskatti

- Fyrir nýgerðar breytingar á auðlegðarskatti var gert ráð fyrir álagningu skattsins á eignir manna í árslok 2009, 2010 og 2011
- Álagning skattsins er nú framlengd þannig að hann leggist einnig á eignir manna í árslok 2012 og 2013
- Álagning skattsins verður áfram tvískipt. Auðlegðarskattsstofn vegna stöðu eigna í árslok 2011 og 2012 skal endurreikna við álagningu 2013 og 2014 með tilliti til viðbótareigna. Sá mismunur sem þannig myndast við þann endurreikning og er umfram viðmiðunarmörk skal skattlagður við álagningu opinberra gjalda framangreindra ára.

## Álagning auðlegðarskatts er nú í tveimur þrepum í stað eins áður

- Af auðlegðarskattsstofni einstaklings að 75 m.kr. og samanlögðum auðlegðarskattsstofni hjóna að 100 m.kr. greiðist enginn skattur
- Af auðlegðarskattsstofni yfir 75 m.kr. að 150 m.kr. hjá einstaklingi og yfir 100 m.kr. að 200 m.kr. af samanlögðum auðlegðarskattsstofni hjóna greiðast 1,5%
- Af því sem umfram er 150 m.kr. hjá einstaklingi og 200 m.kr. af samanlögðum auðlegðarskattsstofni hjóna greiðast 2%
- Ónýttur persónuafsláttur gengur nú til greiðslu auðlegðarskatts

# Lög 164/2011 um ráðstafanir í ríkisfjármálum – frh.

- Heimild til að draga iðgjöld í séreignarlífeyrissjóði frá tekjum er lækkuð úr 4% í 2%
- Um er að ræða bráðabirgðaákvæði fyrir árin 2012 – 2014
- Þeir sem annast iðgjaldaskil skulu draga að hámarki 2% af iðgjaldsstofni réttthafa nema hann óski sérstaklega eftir því að hlutfall iðgjalds verði hærra

**Ákvæði til bráðabirgða um skattskyldu tekna af eftirgjöf skulda voru framlengd um eitt ár.**

- **Bráðabirgðaákvæði XXXVI**
- **Bráðabirgðaákvæði XXXVII**
- **Bráðabirgðaákvæði XLIV**

**Framangreind ákvæði gilda nú til ársloka 2012**

## Breytingar á lögum um umhverfis- og auðlegðarskatta

- Í lögum eru ákvæði um kolefnisgjald af fljótandi jarðefnaeldsneyti (gas, díselolía, bensín, flugvéla- og þotueldsneyti og brennsluolía). Gjald á þessa liði er hækkað um 32%

Vörugjöld af ökutækjum og eldsneyti hækkuðu einnig um 2,5%

## Breytingar á lögum um olíugjald og kílómetragjald

- Í eldri lögum voru ákvæði um greiðslu vörugjalds (olíugjalds) af gas- og dísilolíu sem nothæf er sem eldsneyti á ökutæki. Með laga-breytingunni í desember var steinolía einnig gerð skattskyld
- Gjald á hvern lítra hækkaði um 2,5% og er nú 56,25 kr.
- Vegna skattskyldu steinolíu er bætt inn ákvæði um að olía sem seld er á loftför skuli undanþegin skattskyldu
- Kílómetragjald og sérstakt kílómetragjald af gjaldskyldum bifreiðum var hækkað um 5%

## Breyting á lögum um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki

- **Almennt gjaldhlutfall er 0,041% á skattstofn (skuldir)**
- **Með lögum 73/2011 var bætt inn bráðabirgðaákvæði um viðbótarskatt á sama skattstofn upp á 0,0875% við álagningu opinberra gjalda árið 2012**
- **Í lagabreytingunni í desember 2011 var bætt inn ákvæði um að viðbótarskatturinn verði einnig lagður á 2013**

# Lög 164/2011 um ráðstafanir í ríkisfjármálum – frh.

## Breyting á lögum um gjald af áfengi og tóbaki

- Hækkun á áfengisgjaldi og tóbaksgjaldi nam 5,1%

## Breyting á lögum um bifreiðagjald

- Bifreiðagjöldum tengdum losun CO<sub>2</sub> hækkuðu um 5%

## Breyting á lögum um málefni aldraðra

- Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra hækkaði úr 8.700 kr. í 9.182 kr.

## Breyting á lögum um Ríkisútvarpið ohf.

- Útvarpsgjald hækkaði úr 17.900 kr. í 18.800 kr.

## Brottfall laga 86/2007 um skattlagningu kaupskipaútgerðar

- Lögin voru felld niður þar sem þau samrýmdust ekki reglum EES

- Lög nr. 73/2011 um ráðstafanir í ríkisfjármálum frá júní 2011
- Lög nr. 87/2011 um gistináttaskatt
- Lög nr. 164/2011 um ráðstafanir í ríkisfjármálum
- **Lög nr. 165/2011 um fjársýsluskatt**
- **Lög nr. 183/2011 um breytingar á lögum um virðisaukaskatt**
- **Lög nr. 156/2011 breyting á lögum um lífeyrissjóði**

**Skattskyldir aðilar skulu greiða 5,45% fjársýsluskatt af öllum tegundum launa eða þóknana fyrir starf, hverju nafni sem nefnist**

- 1. Hlutafélög, váttryggingafélög og Evrópufélög skv. lögum um váttryggingastarfsemi og aðrir aðilar sem inna af hendi þjónustu undanþegna vsk. skv. 9. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga um vsk.**
- 2. Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki, verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlanir, rekstarfélög verðbréfasjóða og önnur fjármálafyrirtæki skv. lögum nr. 161/2002 sem í atvinnuskyni inna af hendi þjónustu undanþegna vsk. skv. 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga um vsk.**
- 3. Útibú, umboðsmenn og aðrir sem eru í fyrirsvari fyrir erlenda aðila sem reka hér á landi starfsemi skv. 1. – 2. tölulið.**

## Skattskylda opinberra aðila:

- **Opinberar stofnanir sem hafa lögbundið hlutverk, eru að fullu í eigu opinberra aðila og stunda starfsemi sem fellur undir váttrygginga- starfsemi og bankastarfsemi eru undanþegnar skattskyldu**
- **Þrátt fyrir framangreint ákvæði er Íbúðalánasjóður skattskyldur**

# Lög 165/2011 um fjársýsluskatt – frh.

- **Skattstofn er allar tegundir launa eða þóknana fyrir starf, hverju nafni sem nefnist sem skattskyldar eru skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt**
- **Til skattstofns telst enn fremur endurgjald hjá þeim sem er skylt að reikna sér endurgjald**

## Til skattstofn telst meðal annars:

- Hvers konar laun og þóknanir þ.m.t. ákvæðislaun, biðlaun, nefndar-laun, stjórnar-laun, launauppbætur, staðaruppbætur, orlofsfé og greiðslur fyrir ónotað orlof og framlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð. Einnig lán til starfsmanna sem eru óheimil skv. lögum um hlutafélög og einkahlutafélög
- Ökutækjastyrkir og dagpeningar. Þó ekki greiðslur dagpeninga sem heimilt er að halda utan staðgreiðslu
- Gjafir og risnufé sem teljast launauppbót og eftirgjöf lána sem telja má að komi í stað launa
- Laun eða þóknanir fyrir störf unnin erlendis, greidd af íslenskum aðilum til manna sem heimilisfastir eru hér á landi
- Skattskyld hlunnindi, m.a. fæði, húsnæði, fatnaður og bifreiðaafnot

## Greiðslur undanþegnar skattskyldu:

- Eftirlaun og lífeyrir
- Launagreiðslur sem skattskyldir aðilar greiða vegna þess hluta starfsemi sinnar sem er virðisaukaskattsskyld og fellur utan 9. og 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt
- Greiðslur skattskylds aðila vegna fæðingarorlofs að því marki sem þær eru ekki umfram hluta slíkra greiðslna sem fást endurgreiddar úr Fæðingarorlofssjóði

# Lög 165/2011 um fjársýsluskatt – frh.

- **Greiðslutímabil fjársýsluskatts er hver almanaksmánuður**
- **Gjalddagi er fyrsti dagur hvers mánaðar vegna launa næstliðins mánaðar og eindagi 14 dögum síðar. Þó skal fyrsti gjalddagi á árinu 2012 vera 1. apríl vegna launa í janúar, febrúar og mars.**
- **Fjársýsluskattur telst frádráttarbær rekstrarkostnaður að því leyti sem hann er ákvarðaður af launum sem teljast rekstrarkostnaður**
- **Lögin koma til framkvæmda vegna launagreiðslna frá og með 1. janúar 2012**

# Lög 165/2011 um fjársýsluskatt – frh.

- **Samhliða upptöku fjársýsluskatts fellur niður skylda þeirra sem skattskyldir eru til að greiða virðisaukaskatt af skattskyldum vörum og þjónustu þegar vara er framleidd eða þjónusta innt af hendi eingöngu til eigin nota og í samkeppni við skattskylda aðila**
- **Brott fellur skylda fjársýsluskattskyldra fyrirtækja til að reikna og skila virðisaukaskatti af vinnu launþega sinna við þjónustu til eigin nota á eftirfarandi sviðum:**
  - sérfræðipjónustu t.d. lögfræðinga og tölvunarfræðinga
  - öryggisþjónustu
  - rekstrar mótuneytis, prentstofu og þvottahúss
  - þjónustu sem krefst iðnmenntunar
  - ræstingar
  - smíði og viðhald búnaðar á starfsstöð

# Lög 165/2011 um fjársýsluskatt – frh.

- **Auk framangreinds fjársýsluskatts skal leggja sérstakan fjársýsluskatt á aðila sem skattskyldur eru skv. 2. gr.**
- **Sérstaki fjársýsluskatturinn skal vera 6% af tekjuskattsstofni yfir 1.000.000.000 kr.**
- **Í bráðabirgðaákvæði er kveðið á um fyrirframgreiðslu upp í álagðan sérstakan fjársýsluskatt þann 1. apríl vegna janúar, febrúar og mars 2012 en eftir það mánaðarlega á árinu 2012 og miðast sú greiðsla við skattstofn af reglulegri starfsemi eins og hann var í árslok 2010, miðað við gildandi skatthlutfall, án tillits til samsköttunar og yfirfæranlegs taps**

- Lög nr. 73/2011 um ráðstafanir í ríkisfjármálum frá júní 2011
- Lög nr. 87/2011 um gistináttaskatt
- Lög nr. 164/2011 um ráðstafanir í ríkisfjármálum
- Lög nr. 165/2011 um fjársýsluskatt
- **Lög nr. 183/2011 um breytingar á lögum um virðisaukaskatt**
- **Lög nr. 156/2011 breyting á lögum um lífeyrissjóði**

### Nýtt ákvæði til bráðabirgða:

- Þrátt fyrir ákvæði laga þessara skal um leiðréttingu virðisaukaskatts, sem innheimtur var á grundvelli samninga sem fjallað er um í dómi Hæstaréttar í máli nr. 282/2011 og dómum eða úrskurðum með sambærilegri niðurstöðu um réttaráhrif lánessamninga sem kveðnir eru upp eftir 20. október 2011, fara sem hér segir:

1. Í þeim tilvikum sem viðskiptavinur fjármálafyrirtækis færði virðisaukaskatt af viðskiptum sem þessum til innskatts að fullu skal ekki fara fram leiðrétting á sölureikningum sem fjármálafyrirtæki hefur þegar gefið út, sem og virðisaukaskattsskilum fjármálafyrirtækisins og viðskiptavinar vegna þessara viðskipta umfram það sem almennar leiðréttingarheimildir 26. gr. gera kröfu um

2. Í þeim tilvikum sem viðskiptavinur fjármálafyrirtækis hafði ekki heimild til að færa virðisaukaskatt af viðskiptunum til innskatts, eða hafði einungis heimild til að færa hluta af honum til innskatts, skulu fjármálafyrirtæki og viðskiptavinur leiðrétta virðisaukaskatts-skilin í einu lagi, þ.e. mismun þegar greidds virðisaukaskatts og þess virðisaukaskatts sem borið hefði að innheimta við sölu.

Leiðréttingu á virðisaukaskattsskilum skal miða við uppgjörstímabilið þegar endurútreikningur fjármálafyrirtækis gagnvart viðskiptavini liggur fyrir og skal jafnframt viðeigandi leiðrétting gerð á skattframtali viðkomandi árs.

Komi upp ágreiningur um útreikning skal leiðrétting fara fram á því uppgjörstímabili þegar úr honum er leyst.

Við leiðréttingu skal ekki beita álagi og dráttarvöxtum

- Bráðabirgðaákvæði um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu á byggingarstað vegna viðhalds og endurbóta á íbúðarhúsnæði og frístundahúsnæði framlengt til ársloka 2012
- Bráðabirgðaákvæði um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vetnisbifreiðum framlengt til ársloka 2012
- Hefðbundin framlenging á heimild til endurgreiðslu á 2/3 hluta virðisaukaskatts af kaupum eða leigu hópbifreiða og almenningsvagna, nú til ársloka 2012

- Lög nr. 73/2011 um ráðstafanir í ríkisfjármálum frá júní 2011
- Lög nr. 87/2011 um gistináttaskatt
- Lög nr. 164/2011 um ráðstafanir í ríkisfjármálum
- Lög nr. 165/2011 um fjársýsluskatt
- Lög nr. 183/2011 um breytingar á lögum um virðisaukaskatt
- **Lög nr. 156/2011 breyting á lögum um lífeyrissjóði**

# Lög nr. 156/2011 breyting á lögum um lífeyrissjóði

- Við álagningu opinberra gjalda 2012 og 2013 skulu lífeyrissjóðir greiða sérstakt gjald í ríkissjóð 0,0814% af hreinni eign til greiðslu lífeyris eins og hún er í lok næst liðins árs
- Gjald dagur er 1. nóv. 2012 og 1. nóv. 2013 og eindagi 15. dögum síðar. Greiða skal fyrirfram upp í álagt gjald hinn 31. des. 2011 og 1. nóv. 2012 og miðast sú greiðsla við hreina eign til greiðslu lífeyris eins og hún var í árslok 2010 og 2011 og gildandi skatthlutfall
- Greiða skal gjald 0,13% af iðgjaldsstofni sjóðfélaga til VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs. Fyrsta greiðslan reiknast af iðgjaldsstofni júlímánaðar 2012. Gjald dagur er 10. dagur næsta mánaðar og eindagi síðasti dagur sama mánaðar

# Takk fyrir

Alexander G. Eðvardsson

[aedvardsson@kpmg.is](mailto:aedvardsson@kpmg.is)

